

Borgarráð

RIKK - endurnýjun samstarfssamnings

Með bréfi dags. 2. nóvember sl. óskaði RIKK - Jafnréttisrannsóknir við Háskóla Íslands eftir endurnýjun samstarfssamnings við Reykjavíkurborg. Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samstarfssamningi við Háskóla Íslands fyrir árin 2017-2019. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna samningsins eru 3.250.000 kr á ári sem greiðist af kostnaðarstað 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá RIKK dags. 2. nóvember 2016 um endurnýjun samstarfssamnings.
Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar 2017-2019.
Greinargerð um starfsemi RIKK dags. 28. október 2016.

Sælir Björn og Dagur:

Ég skrifa ykkur vegna samnings Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands um jafnréttisrannsóknir. Núverandi samningur gildir til loka þess árs og við hefðum mjög mikinn áhuga á að framlengja hann. Samstarf Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands hefur reynst afar farsælt og hefur gert stofnuninni kleift að halda úti öflugri og metnaðarfullri starfsemi frá því fyrsti samningurinn var undirritaður árið 2000 af þeim Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáverandi borgarstjóra og Páli Skúlasyni, þáverandi rektor Háskóla Íslands. Ég er reiðubúin að hitta ykkur til þess að ræða endurnýjun samningsins ásamt formanni stjórnar RIKK, Sólveigu Önnu Bóasdóttur, og/eða forseta sviðsins, Guðmundi Hálfðánarsyni, þegar ykkur hentar, til að kynna með hvaða hætti samstarfið hefur þróast á síðustu misserum og greina frá starfs- og rannsóknáætlun stofnunarinnar til næstu þriggja ára.

Á yfirstandandi samningstímabili hefur RIKK sinnt viðamiklum verkefnum fyrir mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þar má m.a. nefna: (1) umsögn um drög að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (2015); (2) rannsókn og matsskýrslu um samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, „Saman gegn ofbeldi“. Áfangaskýrslan fékk kynningu í starfshópi verkefnisins, hjá lögreglunni, í borgarráði (2015) og á opinni málstofu (2015); (3) rannsókn á árangri á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (2014); (4) rannsókn á kynjuðum afleiðingum fjármálakreppunnar (2014). Að auki höfum við boðið starfsmönnum borgarinnar líkt og áður að sitja árlegt námskeið okkar um kynjaða fjárlagagerð, en tveir til fjórir þátttakendur hafa setið námskeiðið árlega á tímabilinu 2010–2016.

Síðar í þessum mánuði stendur RIKK fyrir tveimur málþingum með aðkomu Reykjavíkurborgar: annað um samfélagslega ábyrgð gagnvart þolendum kynbundins ofbeldis og hitt um málefni intersex fólks. Í framhaldi úttektar á „Saman gegn ofbeldi“ skipuleggur RIKK einnig norræna ráðstefnu þar sem kastljósinu verður beint að gerendum heimilisofbeldis (sjá: <http://cgv.hi.is/> <<http://cgv.hi.is/>>). Ráðstefnan verður haldin í Helsinki 30. nóvember til 2. desember næstkomandi.

Dagskrá RIKK á afmælishátíð kosningaréttar kvenna var veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar árið 2015. Sett var saman viðamikil dagskrá sem var helguð ömmum og stóð frá janúarmánuði og fram á haust bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni. Greinasafnið Fléttur IV kemur út í desember 2016 með efni fyrirlestraraðarinnar „Margar myndir ömmu“. Einnig stóð stofnunin fyrir tveimur málþingum af þessu tilefni, annað á vormisseri („Veröld sem ég vil.“ Þróun borgara- og þegnuréttinda kvenna í 100 ár) og hitt á haustmisseri („Konur á ráðherrastóli“). Loks var RIKK aðalskipuleggjandi alþjóðlegrar hátíðarráðstefnu vegna afmælisins sem var haldin í Hörpu í október sem um 500 manns sóttu. Við höfum einnig haft milligöngu um aðkomu starfsnema að ólíkum verkefnum mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í byrjun september 2015 stóð RIKK svo að ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð sem haldin var í samráði við Rótina, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofu og fleiri aðila. Ráðstefnuna sóttu 240 manns, einkum fagfólk úr heilbrigðis- og

velferðarþjónustu. Á haustmisseri 2015 var fyrirlestraröð RIKK helguð áhrifum samtímaþróunar í alþjóðamálum á réttindastöðu kynjanna og það var einnig þema fyrirlestraraðar á vormisseri 2016. Haustið 2016 er umfjöllunarefni fyrirlestraraðarinnar kynbundið ofbeldi og áhrif kynjakerfisins á heilsufar.

Meðal nýrra verkefna stofnunarinnar sem tengjast Reykjavíkurborg og er verið að hleypa af stokkunum eða eru fyrirhuguð má nefna:

(a) Rannsókn á gerendum heimilisofbeldis, sem er framhald úttektar á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og LRH „Saman gegn ofbeldi“. Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði 2015, er komin vel á veg og lýkur á fyrri hluta árs 2017.

(b) Rannsókn á stöðu kvenna í sviðslistum, sem unnin er í samvinnu við Sviðslistarsamband Íslands. Rannsóknin, sem hlaut styrk úr Jafnréttissjóði 2016, er þegar hafin og lýkur um mitt ár 2017.

(c) Rannsókn á reynslu kvenna af áfengis- og vímuefnaeðferð. Saga, upplifun og árangur – sjónarhorn þjónustuþega. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu kvenna af vímuefnaeðferð hér á landi með tilliti til líðanar og öryggis í eðferð, árangurs eðferðarinnar og úrræða í boði. Auk þess er saga kvennanna rýnd með sérstöku tilliti til erfiðra upplifana í æsku og sögu um ofbeldi í nánum samböndum.

(d) Kynjuð greining á umgjörð íþróttar- og frístundaiðkunar barna í Reykjavík. Rannsóknin nýtir í fyrsta lagi aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlanagerðar þar sem sérstök áhersla er lögð á að skoða hvernig stuðningur borgarinnar til íþróttar- og frístundaiðkunar nýtist í raun stúlkum og drengjum, en rannsóknir og fyrirliggjandi gögn benda til þess að kynjahalli sé verulegur. Framlög borgarinnar og stjórnþæki, líkt og frístundakortið, eru greind frá kynjasjónarmiði og með tilliti til þarfa ólíkra hópa. Í öðru lagi er jafnréttisstefna frístunda- og íþróttafélaga rýnd með tilliti til virkni. Loks eru átaksverkefni í íþróttum fyrir stúlkur skoðuð til að greina farsælar lausnir til úrbóta.

(e) Rannsókn meðal skjólstaðinga Konukots, neyðarathvarfs fyrir heimilislausar konur sem rekið er af Rauða krossinum með stuðningi Reykjavíkurborgar.

(f) Stöðutaka á útvíkkun jafnréttishugtaksins

(g) Úttekt á þjónustu Reykjavíkurborgar með tilliti til ákvæðis mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar um tungumál

Fulltrúar Reykjavíkurborgar í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands vegna samningsins eru þau Halldóra Gunnarsdóttir og Magnús Már Guðmundsson. Samstarfið við þau hefur verið mjög gott.

Nánari upplýsingar um RIKK og lýsing á verkefnastöðu stofnunarinnar eru að finna í

meðfylgjandi greinargerð.

Kær kveðja,

Irma

Dr Irma Erlingsdóttir
Forstöðumaður og dósent | Director and Associate Professor
RIKK - rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum | RIKK Center for Gender, Equality and
Difference
EDDA - öndvegissetur | EDDA - Center of Excellence
Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna | UNU-GEST
Háskóli Íslands | University of Iceland
Gimli | Gimli building
Sæmundargötu 2, 3. hæð | Sæmundargata 2, 3rd floor
101 Reykjavík | 101 Reykjavik, Iceland
Sími 525-4634 | Tel: +354 525-4634
Farsími: 8222371 | Mobile: +354 8222371
rikk.hi.is/ <<http://rikk.hi.is/>> gest.unu.edu <<http://gest.unu.edu/>>
/ edda.hi.is<<http://edda.hi.is/>>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg gera með sér eftirfarandi samning um samstarf um jafnréttisrannsóknir við Háskóla Íslands:

Inntak

Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg skuldbinda sig til samstarfs um jafnréttisrannsóknir samkvæmt samningi þessum. Reykjavíkurborg greiðir árlega framlag til Háskóla Íslands sem rennur til samstarfsverkefna á sviði jafnréttismála.

Markmið

1. Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða. Markmiðinu skal ná með rannsóknum, með umsóknum og þátttöku í innlendum, norrænum og evrópskum rannsóknaráætlunum, með því að hvetja til jafnréttisrannsókna meðal vísindamanna og framhaldsnema við Háskóla Íslands og innan íslensks fræðasamfélags og með því að efna til margs konar funda og fræðslu á sviði jafnréttis.

Framlög samstarfsaðila

2. Árleg framlög Reykjavíkurborgar til verkefna samkvæmt samningi þessum verða kr. 3.250.000.-, þrjú milljónirtvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur. Háskóli Íslands skuldbindur sig til að greiða mótfamlög vegna samnings þessa sem nemur hálfum launum forstöðumanns Rannsóknarstofu í jafnréttisfræðum (RIKK) sem sinnir þessu samstarfi af hálfu Háskóla Íslands.

Verkefni fyrir Reykjavíkurborg

3. Verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg eru ákvörðuð af samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt lið 4. Verkefnin skal ákvarða á reglulegum samráðsfundum sem haldnir verða a.m.k. á þriggja mánaða fresti.

Framkvæmd samnings og samstarfsnefnd samningsaðila

3. Fyrir hönd Háskóla Íslands er Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK) ábyrg fyrir framkvæmd samningsins, en mannréttindaskrifstofa fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Háskóli Íslands og borgarráð Reykjavíkur skipa tvo fulltrúa hver í samstarfsnefnd. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaður RIKK undirbúa og boða fundi samstarfsnefndarinnar. Bæði mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar og forstöðumaðurinn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar en ekki atkvæðisrétt. Samstarfsnefndin mun m.a. fjalla um samstarfsverkefni skv. lið 3 og leiðir til að stuðla að frekara samstarfi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar á þessu sviði.

Gildistími samningsins og fyrirvari

4. Samningur þessi gildir frá undirritun samnings þessa til 1. desember árið 2019, en fellur þá úr gildi án uppsagnar, nema hann hafi verið endurnýjaður áður.
5. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2016.

Reykjavík,

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vottar:



Reykjavík, 24. október 2016

Greinargerð um starfsemi RIKK, Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

1. **Um RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum**
2. **Saga RIKK**
3. **Samstarf við Reykjavíkurborg**
4. **Starfsmannamál**
5. **Yfirlit yfir helstu verkefni stofnunarinnar á yfirstandandi samningstíma Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands**
6. **Verkefnin framundan**
7. **Stjórn**

1. RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum. Vettvangur þverfaglegra jafnréttisrannsókna við Háskóla Íslands.

RIKK er þverfagleg rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands – sem fléttar saman hefðbundnar rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum og rannsóknir á jafnrétti í víðari skilningi með áherslu á jafnræði, mismun og samvinnun. Fréttir og annað ítarefni um stofnuna er aðgegnilegt á heimasíðu hennar: www.rikk.hi.is.

RIKK hefur starfað síðan 1991 og er leiðandi afl í jafnréttisrannsóknum á Íslandi. Aðalmarkmið stofnunarinnar er að efla og samhæfa rannsóknir á sviði kynja-, jafnréttis- og margbreytileikafræða. Í daglegu starfi miðlar RIKK þekkingu um rannsóknir á fræðasviðinu, styður fræðimenn við rannsóknir sínar og skipuleggur og býr til grundvöll fyrir rannsóknastarf. Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegum, evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum með fjölbreyttum áherslum. RIKK miðlar niðurstöðum eigin rannsókna sem og annarra, m.a. með bókaútgáfu og hefur frá upphafi staðið fyrir reglulegum rannsóknarfundum og fyrirlestrum. Stofnunin hefur jafnframt skipulagt og staðið fyrir fjölda alþjóðlegra ráðstefna.

RIKK hefur frá upphafi verið öflug miðstöð nýsköpunar. Stofnunin hafði á sínum tíma forgöngu um að námsbraut í kynjafræðum var komið á laggirnar og hvatti til stofnunar jafnréttisnefndar Háskólans. Þá átti hún mikinn þátt í þróun og uppbyggingu Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og EDDU – öndvegisseturs sem eru ný og framsækin verkefni á sviði jafnréttismála. Bæði verkefnin voru metin af alþjóðlegum matsnefndum árið 2012 og fengu mjög góðar umsagnir. EDDA og UNU-GEST starfa sem

sjálfstæðar einingar, með aðskilið regluverk og stjórnir, en í nánú samstarfi við RIKK. Stofnanirnar tvær og skólinn styðja hvert við annað til að ná sameiginlegu markmiði sem er að efla jafnréttisrannsóknir og jafnréttisnám.

EDDA er þverfaglegt öndvegissetur í gagnrýnum samtímarannsóknum, með sérstaka áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Setrið hóf starfsemi sína árið 2009. Rannsóknir setursins eru m.a. á sviði stjórn mála, þverþjóðlegra fræða, samfélags, menningar- og öryggismála, sjálfbærni og þróunar. Í rannsóknaráætlun setursins fyrir árið 2009-2010 var lögð áhersla á að rannsaka áhrif alþjóðlegru fjármálakreppunnar og íslenska bankahrunsins sem sigldi í kjölfarið. Í framhaldinu hefur verið lögð rækt við rannsóknir á pólitísku, samfélagslegu og hugarfarslegu endurmati og uppbyggingu innan lands og utan. EDDA hlaut stærsta rannsóknastyrk sem hefur verið veittur til rannsókna á sviði félag- og hugvísinda árið 2009. Árið 2012 var ákveðið að framlengja styrkveitingu til setursins eftir að niðurstaða mats erlendra sérfræðinga sem tóku út starfsemi setursins lágu fyrir. Töldu matsmennirnir að mjög vel hefði tekist til með uppbyggingu EDDU, starfsemi setursins og rannsóknir á vegum þess. Auk þess hefði setrið haft áhrif á opinbera stefnu og umræðu. Með styrkveitingum sínum hefði EDDA eflt þverfaglegar rannsóknir við Háskóla Íslands og stofnað til víðtækra tengsla við erlendar og innendar háskóla- og rannsóknastofnanir. EDDA mun halda áfram að styrkja rannsóknir á áherslusviðum setursins, skipuleggja ráðstefnur og aðra viðburði og leitast við að hafa áhrif á opinbera stefnumótun. Sjá nánari upplýsingar um EDDU á heimasíðu setursins (www.edda.hi.is).

Jafnréttisskólinn tók til starfa í janúar 2009. Hann varð hluti af samstarfsneti Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi í maí 2013 (ásamt Jarðhitaskólanum, Sjávarútvegsskólanum og Landgræðsluskólanum). Nemendur Alþjóðlegra jafnréttisskólans hafa komið frá Afganistan, Palestínu, Úganda, Mósambík og Malaví. Kennarar við UNU-GEST eru háskólakennarar og sérfræðingar frá stofnunum og grasrótarsamtökum auk erlendra sérfræðinga. Verndari skólans er frú Vigdís Finnbogadóttir. Árið 2012 var framkvæmd óháð úttekt af erlendum sérfræðingi á starfsemi Jafnréttisskólans, sem var forsenda þess að hann gæti orðið hluti af neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Úttektin leiddi í ljós að Alþjóðlegi jafnréttisskólinn uppfyllti öll skilyrði um fulla aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfar úttektarinnar hófst vinna við gerð samnings sem var undirritaður í maí 2013 og hefur Alþjóðlegi jafnréttisskólinn því formlega hlotið aðild að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Sjá nánari upplýsingar á [heimasíðu UNU-GEST](http://www.gest.hi.is) (www.gest.hi.is).

2. Saga RIKK

Stofnunin á rætur að rekja til 8. áratugarins þegar fræðikonur víða um heim hófu markvissar rannsóknir í kvennafræðum. Íslenskar fræðikonur tóku þátt í því starfi og þegar upp úr 1980 var farið að þjóða upp á námskeið í kvennabókmenntum og kvennasögu við Háskóla Íslands. Sumarið 1985 var fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir haldin og hafa þær síðan verið haldnar að jafnaði á fimm ára fresti. Að fyrstu ráðstefnunni stóð hópur kvenna sem

hafði um árábil sinnt rannsóknum á þessu sviði. Í kjölfar hennar var stofnaður Áhugahópur um íslenskar kvennarannsóknir, en í honum voru konur innan og utan háskólasamfélagsins. Áhugahópurinn stóð fyrir reglulegum fyrirlestrum um kvennarannsóknir, beitti sér fyrir stofnun rannsóknastofu á fræðasviðinu og að komið yrði á fót skipulegu námi í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Það starf skilaði þeim árangri að Rannsóknastofu í kvennafræðum var komið á fót árið 1991. Nám í kvennafræðum (nú kynjafræðum) við Háskóla Íslands hófst síðan árið 1996. Nafni stofnunarinnar var breytt úr Rannsóknastofa í kvennafræðum í Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum árið 2000 og Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum í ársbyrjun 2014.

Núverandi stjórn: Þann 9. maí 2014 var skipuð ný stjórn RIKK til næstu þriggja ára. Í henni sitja: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ, formaður; Jón Ólafsson, fyrrverandi aðstoðarrektror við Háskólann á Bifröst og prófessor við Hugvísindasvið HÍ, varaformaður; Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor í Hjúkrunarfræðideild HÍ; Gunnar Stefánsson, prófessor í iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild HÍ; Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í Viðskiptafræðideild HÍ og Halla Gunnarsdóttir, kennari og sérfræðingur í alþjóðasamskiptum.

3. Samstarf við Reykjavíkurborg

Í júní árið 2000 urðu þáttaskil í starfi stofunnar þegar þau Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, undirrituðu samstarfssamning Háskólans og Reykjavíkurborgar. Markmið hans var að efla rannsóknir á sviði kvenna- og kynjafræða innan Háskólans. Samningurinn gerði stofnunni kleift að ráða forstöðumann í fullt starf, en Reykjavíkurborg skuldbatt sig til að greiða helming kostnaðar við stöðuna til þriggja ára á móti Háskólanum. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands var síðan endurnýjaður til fjögurra ára 3. október 2003. Í nóvember 2007 undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, samning um áframhaldandi samstarf til fjögurra ára. Samningurinn var framlengdur til tveggja ára og undirritaður af Jóni Gnarr, borgarstjóra, í nóvember árið 2011 og aftur 2013 þegar hann var á ný framlengdur til þriggja ára. Sú starfsemi sem fer fram á vegum RIKK og í beinum tengslum við stofnunina ber því glöggvitni að þessi samningur hefur haft mikil áhrif og stutt við nýsköpun bæði hvað varðar uppbyggingu náms og rannsókna við Háskóla Íslands.

Samráðsnefnd RIKK og Reykjavíkurborgar heldur reglulega samráðsfundi. Fundirnir eru verkefnaframiðaðir og snúist um samstarf og framvindu verkefna.

Í **núverandi samráðsnefnd** sitja fyrir hönd Háskóla Íslands: Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði og formaður stjórnar RIKK, og Irma Erlingsdóttir, dósent og forstöðumaður RIKK. Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, og Magnús Már Guðmundsson, eru fulltrúar Reykjavíkurborgar í samráðsnefndinni. Kristín Pálsdóttir, verkefnisstjóri RIKK situr einnig fundi nefndarinnar.

4. Starfsmannamál

Irma Erlingsdóttir hefur verið forstöðumaður RIKK frá árinu 2000. Fyrst í fullu starfi en eðli starfs hennar breyttist þegar hún varð akademískur starfsmaður við HÍ árið 2009 og þegar verkefni EDDA og UNU-GEST voru stofnsett sem sjálfstæðar einingar sem reknar eru í nánu samstarfi við RIKK. Irma veitir þessum þremur verkefnum forstöðu og ber RIKK aðeins kostnað við hluta af hennar starfi. Hildur Fjöla Antonsdóttir var verkefnisstjóri RIKK í hálfu starfi frá árinu 2010 þar til 1. september 2014 en þá hóf hún doktorsnám við Lundarháskóla í Svíþjóð. Vorið 2014 var auglýst 50% staða verkefnisstjóra RIKK og var Kristín I. Pálsdóttir, MA í ritstjórn og útgáfufræðum, ráðin í starfið. Halla Gunnarsdóttir var að auki ráðin verkefnisstjóri við ráðstefnu sem haldin var í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli íslenskra kvenna. Hún sinnti undirbúningnum í hlutastarfi. Elín Björk Jóhannsdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri EDDU, kom einnig að verkefnum RIKK árið 2016 ásamt Arnhildi Lilý Karlsdóttur sem núna starfi.

5. Yfirlit yfir helstu verkefni stofnunarinnar á yfirstandandi samningstíma Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

A. Fyrirlestrardagskrá RIKK

Haustið 2016 er umfjöllunarefni fyrirlestraraðar RIKK kynbundið ofbeldi og áhrif kynjakerfisins á heilsufar.

Á haustmisseri 2015 var sjónum beint að áhrifum samtímaþróunar í alþjóðamálum á réttindastöðu kynjanna og var það einnig þema fyrirlestraraðar á vormisseri 2016.

Á vormisseri 2015 stóð RIKK fyrir metnaðarfullri fyrirlestradagskrá í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna undir heitinu „Margar myndir ömmu“. Sjaldan eða aldrei hafa fyrirlestrar innan háskólans hlotið aðra eins aðsókn og þurfti að færa fyrirlestrana úr fyrirlestrasal Þjóðminjasafns í stærstu sali á háskólasvæðinu. Dagskrá RIKK í tilefni afmælisins var haldin í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Í dagskrá vormisseris 2014, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, var lögð áhersla á sveitarstjórnarmál en á haustmisseri var sjónum m.a. beint að aðstæðum flóttamanna og öðrum borgaralegum réttindum á alþjóðavísu.

B. Málþing á vegum RIKK

i. Konur á ráðherrastóli

Föstudaginn 20. nóvember 2015 var haldið málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands um reynslu íslenskra kvenna sem gegnt hafa embætti ráðherra, í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. RIKK skipulaði málþingið í samstarfi við Jafnréttisstofu og Háskólann á Akureyri. Jóhanna Sigurðardóttir fyrrverandi forsætisráðherra flutti

ávarp, fyrrum kvenráðherrar fjölluðu um ráðherratið sína og fræðimenn nálguðust efnið frá kynjapólitískum sjónarhóli.

ii. „Veröld sem ég vil.“ Þróun borgara- og þegnréttinda kvenna í 100 ár

16. maí 2015 stóð RIKK fyrir málþingi við opnun sýningarinnar: „Vér heilsum glaðar framtíðinni“ í Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni (Þjóðarbókhöfðu). Sýningin og málþingið voru haldin í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi.

iii. Að stika sér spönn á kvennaslóðum

Laugardaginn 18. apríl 2015 var efnt til málþings í tengslum við sýninguna MENN í Hafnarborg. RIKK skipulagði málþingið en þar komu fræðimenn og samfélagsrýnar saman til að ræða efni sýningarinnar frá sjónarhóli karla- og jafnréttisfræða.

iv. Er hægt að ná fram réttlæti í kynferðisbrotamálum á grundvelli skaðabótaréttar?

Föstudaginn 28. mars 2014 efndi RIKK til málþings í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands um möguleika til að ná fram réttlæti í kynferðisbrotamálum á grundvelli skaðabótaréttar. Á málþinginu var meðal annars leitað svara við eftirfarandi spurningum: Er réttur brotþola kynferðisbrota til skaðabóta sóttur að fullu? Er ástæða til að nýta skaðabótarétt í auknum mæli í kynferðisbrotamálum, óháð refsirétti? Er hægt að styðja betur við þolendur kynferðisbrota við að leita réttar síns á grundvelli skaðabótalaga og hvernig virka gjafsóknarreglur í því sambandi?

v. Að eiga orðið: Þátttaka kvenna í sveitarstjórnnum

Föstudaginn 28. febrúar 2014 efndi RIKK til málþings í samvinnu við Jafnréttisstofu um reynslu og þátttöku kvenna af sveitarstjórnnum. Málþingið var haldið í tilefni af sveitarstjórnarkosningunum í maí 2014.

C. Verkefni í samstarfi við Reykjavíkurborg á yfirstandandi samningstíma

i. Saman gegn ofbeldi – Mat á samstarfsverkefni um heimilisofbeldi

RIKK vann bæði áfangamat og gerði úttekt á verkefninu *Saman gegn ofbeldi* sem er samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi. Borgarráð samþykkti 13. nóvember 2014 að Reykjavíkurborg beitti sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, skrifuðu þá undir samstarfsyfirlýsingu þess efnis.

Markmið úttektar á verkefninu var tvíþætt. Annars vegar að leitast við að meta árangur verkefnisins með markvissum hætti og hins vegar að nýta þær upplýsingar sem aflað var í úttektarvinnunni til að bæta verkefnið á meðan á því stóð. Aðferðafræði mótandi matsrannsókna (*e. formative evaluation*) var beitt, þar sem náin samvinna úttektarhóps við aðila samstarfsverkefnisins var í forgrunni og áhersla á að matsvinnan gæti nýst þeim verkefnaaðilum sem höfðu rými til að laga vinnulag

sitt að tillögum á meðan verkefnatíma stóð. Jafnframt var litið til þess að verkefnið væri nýttílkomið og að það krefðist tíma fyrir starfsfólk að aðlaga starf sitt nýjum vinnuaðferðum og bæta vinnuferla.

Áfangamati var skilað í október 2015. Lokaúttekt (*e. end-term evaluation*) var gefin út í október 2016 og er aðgengilegt á vef RIKK:

https://rikk.hi.is/wp-content/uploads/Lokauttekt_Saman_gegn_ofbeldi_FIN.pdf.

- ii. **„Heggur sá er hlífa skyldi?“** Málþing um samfélagslega ábyrgð gagnvart þolendum kynbundins ofbeldis verður haldið föstudaginn 4. nóvember, kl. 14:00–17:30, í Bíósalnum á Hótel Reykjavík Natura (áður Loftleiðahótelíð). Á málþinginu verður fjallað um siðferðileg, lagaleg og sálræn álitaefni í opinberri umræðu um kynferðisbrot og ábyrgð samfélagsstofnana eins og fjölmiðla, réttarkerfisins og félagasamtaka þegar kemur að því að vernda þolendur gegn óvæginni umfjöllun.

Málþingið er haldið í framhaldi af útgáfu bæklingins Rótarinnar **„Ef fjölmiðlar hafa samband. Leiðbeiningar fyrir brotþola og aðstandendur“**, sem kom út árið 2015. Í bæklingnum er fjallað um kosti þess og galla að segja slíkar sögur opinberlega.

- iii. **RIKK** stendur fyrir málþingi í nóvember 2016 um málefni intersex fólks. Sá málaflókkur hefur á síðustu árum notið vaxandi athygli og umræðu á Íslandi en málþingið er mikilvægur vettvangur til að dýpka umræðuna um mannréttindi intersex fólks. Markmiðið með málþinginu er að vekja athygli á málefnum intersex fólks og skapa umræður og vitundarvakningu um þau. Á málþinginu munu fjórir sérfræðingar frá Íslandi og Finnlandi vera með erindi.

iv. Umsögn um drög að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

RIKK skilaði átta síðna umsögn um drög að nýrri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í nóvember 2015.

v. Áfangamat á árangri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar – Könnun

Reykjavíkurborg tók ákveðið frumkvæði í jafnréttis- og mannréttindamálum á Íslandi þegar Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn í maí 2006. Tilurð stefunnar er skýr yfirlýsing um að jafnréttis- og mannréttindasjónarmið skuli höfð til grundvallar innan stjórnkerfisins, á vinnustöðum og í þjónustu borgarinnar, en spyrja má hvort slík stefnumörkun sé hluti af ímyndarsköpun frekar en alvöru stefnumótun.

RIKK vann könnun á árangri stefunnar á árunum 2013 og 2014 og voru niðurstöður hennar kynntar í lok árs 2014 í opinberum fyrirlestri og í kynningu sem var haldin fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þorgerður Þorvaldsdóttir, doktor í kynjafræði, og Lilja Hjartardóttir, stjórnmalafraeðingur, unnu verkefnið fyrir hönd RIKK.

vi. Námskeið um kynjaða fjárlagagerð

Starfsmönnum Reykjavíkurborgar hefur verið boðið að sitja námskeið um kynjaða fjárlagagerð hjá Alþjóðlega jafnréttisskólanum frá því árið 2010 og hafa starfsmenn Reykjavíkurborgar setið námskeiðið á hverju ári.

Dr. Elisabeth Klatzer hefur kennt námskeið í kynjaðri fjárlagagerð þar sem hún kynnir ýmis grundvallarhugtök kynjaðrar fjárlagagerðar og gefur innsýn í bakgrunn femínískrar hagfræði. Hún útskýrir þær aðferðir sem er beitt við kynjaða fjárlagagerð og tækifærin sem felast í þeim. Jafnframt gerir hún grein fyrir því hvers konar hlutverk kynjuð fjárlagagerð getur haft fyrir stjórnvöld og stofnanir í samfélaginu en sýnt hefur verið fram á að hún geti stuðlað að meira jafnrétti og skilvirkara hagkerfi.

Dr. Klatzer hefur verið tilnefnd til verðlauna í heimalandi sínu Austurríki fyrir framúrskarandi störf við að kynna femíníska hagfræði og kynjaða fjárlagagerð. Hún hefur kennt við Alþjóðlega jafnréttisskólann undanfarin 3 ár og hefur þeim sem hafa setið námskeiðið þótt það vera afar gagnlegt.

vii. Samstarf við Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar

Samráðsnefnd Reykjavíkurborgar og RIKK hefur haft til umræðu hvernig best væri að haga mögulegu samstarfi við, verkefnisstjóra Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Hugmyndir eru til að mynda uppi um að RIKK/EDDA styrki nemendur í meistaranámi til rannsóknar á jafnréttisfræðslu í grunnskólum. Einnig er grundvöllur fyrir samstarfi og samráði á milli Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar og Alþjóðlegs jafnréttisskóla. Um er að ræða tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg sem væri áhugavert að árangursmæla.

viii. Safer Cities

RIKK átti frumkvæði að því á árinu 2013 að vekja athygli Reykjavíkurborgar á verkefninu *Safer Cities*, forvarnarverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni í borgum, og koma á tengslum milli forsvarsmanna verkefnisins og fulltrúa Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið funduðu þeir aðilar og hefur stjórn mannréttindaráðs lagt til að borgin taki þátt í verkefninu. Við útfærslu verkefnisins var lögð áhersla á hvernig best megji mæla árangur af slíku verkefni.

ix. Áhrif efnahagsþrenginga á íslenskt jafnréttis- og mannréttindastarf

Dr. Þorgerður Þorvaldsdóttir vann verkefni um áhrif efnahagsþrenginga á íslenskt jafnréttis- og mannréttindastarf í samstarfi við Reykjavíkurborg, en verkefnið var styrkt af EDDU – öndvegissetri í lok árs 2013 sem þáttur í samstarfi RIKK og Reykjavíkurborgar. Hluti verkefnisins var jafnframt að kanna áhrif mannréttinda-stefnu Reykjavíkurborgar sem tók gildi 2006. Fræðilegur grundvöllur verkefnisins eru kenningar um samtvinnun mismunarbreyta (e. *intersectionality*).

x. **Tilraunir í lýðræði: „Crowdsourcing, public consultation and epistemic democracy. Public participation in policy- and decision-making. Deliberative poll in Reykjavík 2014 and 2016.“**

Reykjavíkurborg er nú þegar í samstarfi við EDDU – öndvegissetur um verkefnið „Crowdsourcing, public consultation and epistemic democracy. Public participation in policy- and decision-making. Deliberative poll in Reykjavík 2014 and 2016“, ásamt *Center for Deliberative Democracy* við Stanford-háskóla. Verkefnið miðar að því að nota Reykjavík sem tilraunastofu fyrir nýstárlegar hugmyndir og rannsóknir um aukna lýðræðislega þátttöku borgara í ljósi þess lýðræðisumróts sem átti sér stað í kjölfar hrunsins. Verkefnið tekur mið af ólíkri stöðu borgaranna með því að nota lagskipt úrtök við framkvæmd rannsóknarinnar, sem tekur meðal annars tillit til kyns, þjóðernis, stéttar og stöðu. Verið er að leita styrkja til verkefnisins.

D. Ráðstefnur sem RIKK skipulagði í samstarfi við Reykjavíkurborg á samningstímanum:

i. **Alþjóðleg ráðstefna um borgaraleg réttindi kvenna í 100 ár**

RIKK hafði yfirumsjón með skipulagningu alþjóðlegrar hátíðarráðstefnu í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna í Hörpu dagana 22.-23. október 2015. Fyrri daginn var sjónum beint að baráttunni fyrir almennum kosningarétti og þróun borgaralegra réttinda kvenna á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að konur hlutu kjörgengi og kosningarétt á Norðurlöndum. Síðari daginn var leitast við að svara þeirri spurningu hvaða ógnir steðji að borgaralegum réttindum kvenna í dag. Ráðstefnan var bæði almenns og fræðilegs eðlis og sóttu hana á milli 500 og 600 manns.

ii. **Ráðstefna um konur, fíkn, áföll og meðferð**

RIKK, Rótin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofa og fleiri aðilar stóðu að ráðstefnu um konur, fíkn, áföll og meðferð, hinn 1. og 2. september 2015, á Grand hóteli í Reykjavík. Á ráðstefnunni voru fyrirlesarar frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Grænlandi og Íslandi en tilgangur ráðstefnunnar var að auka skilning og þekkingu á kynjafræðilegu sjónarhorni á fíkn, áföll og meðferð og á nauðsyn kynjamiðaðrar meðferðar. Aðalfyrirlesari var Stephanie Covington, sálfræðingur og frumkvöðull í rannsóknum og vinnu með sérstakan vanda kvenna að því er varðar fíkn. Einnig var boðið upp á vinnustofur fyrir fagfólk sem vinnur með fólki með fíknivanda. Á ráðstefnuna komu 240 gestir.

E. Aðrar ráðstefnur á vegum RIKK

i. **Ráðstefna um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, 2016**

Í apríl 2014 stóð EDDA/RIKK/GEST fyrir ráðstefnu um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, um konur, stríð og frið, í samstarfi við utanríkisráðuneytið með

þátttöku innlendra og erlendra fræðimanna. Hugmyndin er að tengja ráðstefnuna Friðarsetri Reykjavíkurborgar.

ii. Alþjóðleg ráðstefna netverksins Gendering Asia, 2014

RIKK stóð að ráðstefnunni „Multitude of Encounters with Asia – Gender Perspectives“ [Til móts við Asíu – kynjuð sjónarhorn] dagana 13.–17. október 2014 í samstarfi við NIAS – Norrænu Asíustofnunina, EDDU – öndvegissetur og Gendering Asia Network. Á ráðstefnunni fluttu um 50 sérfræðingar fyrirlestra og í sömu viku var haldið sam-norrænt doktorsnámskeið á fræðasviðinu.

iii. Alþjóðleg ráðstefa um karlarannsóknir, 2014. Nýjar hugmyndir í karlmennskurann-sóknum: Karlmennskufræði í norðri

Dagana 4.-6. júní 2014 var haldin norræn ráðstefna um karla- og karlmennskurann-sóknir við Háskóla Íslands. Meðal lykilfyrirlesara voru félagsfræðingarnir Raewyn Connell, prófessor við Háskólann í Sidney, og Michael Kimmel, prófessor við Stony Brook-háskóla í New York, en þau eru bæði leiðandi í karlmennskurannsóknum á heimsvísu.

Á ráðstefnunni var fjallað um fjölbreytilegar hliðar karlmennskurannsókna, svo sem tengsl hinsegin fræða og karlmennskufræða, efnahagshrunið, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, karlmennsku og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, kyn-ferðisofbeldi, feður og fæðingarorlof, karlmennsku og fjölmiðla, karlmenn og heilsu, karlmennsku frumbyggja í Norður-Ameríku, afstöðu kvenna til karlmennsku, og mansal í norðri, svo fátt eitt sé nefnt.

Ráðstefnan var skipulögð í samstarfi við Norrænu samtökin um karla- og karlmennsku-rannsóknir (NFMM), sem hluti af formennsku Íslendinga í norræna ráðherraráðinu 2014. Markmið NFMM er að auka þekkingu og rannsóknir á sviði karlafræða og er útgáfa NORMA – tímarits á fræðasviði karla og karlmennsku – mikilvægur liður í starfsemi samtakanna, en tímaritið er leiðandi á sviði karlafræða á Norðurlöndum.

F. Önnur yfirstandandi rannsóknaverkefni

a. Reynsla kvenna af áfengis- og vímuefnameðferð. Saga, upplifun og árangur – sjónarhorn þjónustuþega

RIKK og Rótin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda fengu úthlutað styrk frá Jafnréttissjóði í júní 2016 til að rannsaka reynslu kvenna af áfengis- og fíknimeðferð. Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu kvenna af vímuefnameðferð hér á landi með tilliti til líðanar og öryggis í meðferð, árangurs meðferðarinnar og úrræða í boði. Undirmerkið er að skoða sögu kvennanna með sérstöku tilliti til erfiðra upplifana í æsku og hvort að þær eigi sögu um ofbeldi í nánum samböndum. Í rannsóknarhópnum eru:

Kristín I. Pálsdóttir, verkefnastjóri; Sæunn Kjartansdóttir, hjúkrunarfræðingur og sálgreinir; Anna María Jónsdóttir, geðlæknir á geðsviði Landspítala og hjá Miðstöð foreldra og barna og Katrín G. Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi.

b. Úttekt á stöðu kynjanna í sviðslistum

RIKK framkvæmdi úttekt á stöðu kynjanna í sviðslistum í samvinnu við og að frumkvæði Sviðslistasambands Íslands. Fyrsta áfanga úttektarinnar er nú lokið en tilgangur hennar var að skoða vísbendingar um kynjahalla út frá þeim gögnum sem fyrir liggja. Úttektinni er ætlað að kortleggja hvaða upplýsingar vantar til að fá fyllri mynd af stöðu kynjanna í greininni og leggja fram markvissan ramma fyrir frekari rannsókn á efninu. Áætlað er að rannsókn hefjist á haustmisseri 2016.

c. Úttekt á stöðu kvenna í sauðfjárrækt

RIKK framkvæmdi úttekt á stöðu kvenna í sauðfjárrækt í samvinnu við Landssamtök sauðfjárbænda við lok árs 2015 og er fyrsta áfanga úttektarinnar nú lokið. Tilgangur þessa fyrsta áfanga úttektar á stöðu kvenna í sauðfjárrækt er að skoða hvort að þar halli á konur og ef svo er, skoða leiðir til úrbóta. Um er að ræða svokallaða gloppugreiningu þar sem leitast er við að kortleggja hvaða upplýsingar vantar til að fá fyllri mynd af stöðu kvenna í greininni og leggja fram markvissar tillögur til úrbóta. Í framhaldinu hefur Jafnréttissjóður veitt styrk til frekari rannsókna á þessu sviði sem RIKK mun sjá um Heimilisofbeldi á Íslandi.

d. Gerendur — reynsluheimur, stuðningur og þjónusta

Rannsóknarhópurinn hefur unnið að úttekt á samstarfsverkefni LHR og Reykjavíkurborgar „Saman gegn ofbeldi“. Ein af niðurstöðum úttektarinnar var sú að mál gerenda koma ekki í miklum mæli til umfjöllunar hjá félagsþjónustu. Hins vegar hefur Barnavernd vísað gerendum í meðferð til Heimilisfriðar, sem er meðferðarúrræði fyrir gerendur nýtt það úrræði, þar sem börn eru á heimilum þar sem heimilisofbeldismál koma upp. Þrátt fyrir mikla fjölgun einstaklinga sem leita til Heimilisfriðar er ljóst að meginþorri gerenda leitar sér ekki hjálpar og nýtir ekki þau meðferðarúrræði sem í boði eru á Íslandi.

Markmið rannsóknarinnar er að beina sjónum að gerendum en þeir eru hópur sem lítið hefur verið í kastljósinu þegar kemur að heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi verður skoðað frá ólíkum sjónarhornum, en gerendur eru ætíð í brennidepli rannsóknarinnar.

Rannsóknir byggir á djúpvíðtölum við gerendur þar sem leitast verður við að kanna sögu, reynsluheim og upplifun þeirra einstaklinga sem hægt er að skilgreina sem gerendur í heimilisofbeldi. Þá verður kastljósinu beint á regluverk og þá þjónustu sem til staðar er fyrir gerendur á Íslandi. Með því að nýta þessa nálgun vonast rannsóknarhópurinn til að hægt verði að nýta rannsóknaraðferðir og –áherslur ólíkra fræðasviða til að bæta við hagnýta og fræðilega þekkingu á málefnum heimilisofbeldis á Íslandi.

Í rannsóknarhópnum eru: Kristín Pálsdóttir, verkefnisstjóri RIKK; Rannveig Sigurvinsdóttir, nýdoktor við Háskólann í Reykjavík; Erla Hlín Hjálmarsdóttir er doktorsnemi og verkefnisstjóri við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna; Jón Ingvar Kjaran, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands; Einar Gylfi Jónsson og Andrés Ragnarson, sálfræðingar hjá Heimilisfriði.

G. Bókaútgáfa

Á samningstímabilinu kom nýtt hefti í ritröðinni *Fléttur - Fléttur III – Jafnrétti, menning, samfélag*. Viðfangsefni bókarinnar eru birtingarmyndir misréttis í samfélagi og menningu og áhrif þess á aðstæður karla og kvenna. Má þar nefna átök femínista af ólíkum skólum á Íslandi, misnotkun valds og andóf í kristinni trúarhefð og stöðu kvenna í bókmenntum og kvikmyndum. Í bókinni er sjónum jafnframt beint að samtvinnun ólíkra þátta mismununar, skörun fötlunar og kyngervis, og íslenskri friðargæslu í ljósi femínískra öryggisfræða. Einnig er rætt um þær afleiðingar sem ofríki karllægrar hugmyndafræði hafði í fjármálakreppunni árið 2008 og í umræðunni um loftslagsbreytingar.

Fyrirhuguð er útgáfa *Fléttna IV* haustið 2016 þar sem greinar sem unnar eru upp úr fyrirlestrum í röðinni „Margar myndir ömmu“ verða birtar.

H. Annað

a. Frásagnir um ömmur – Söfnun á minningum almennings

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því að konur öðluðust kosningarétt á Íslandi var ráðist í að safna frásögnum um ömmur hjá almenningi. Þeir sem að söfnuninni standa eru RIKK, Sagnfræðistofnun og Þjóðminjasafn Íslands. Það efni sem safnast verður notað í rannsóknarverkefnið Konur á 20. öld, á vegum Sagnfræðistofnunar og RIKK, um sögu kvenna á 20. öld og mun í framtíðinni verða uppspretta til enn frekari rannsókna.

b. Kvennaslóðir

Ákvörðun var tekin um það að loka gagnabankanum Kvennaslóðum í upphafi árs 2015. Kvennaslóðir voru gagnabanki með nöfnum og ferilskrám kvensérfræðinga á ýmsum sviðum.

c. Nu ræker det! - Greinargerð

Nu ræker det er norrænt verkefni sem fjármagnað er að Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur þess er að kortleggja þau úrræði sem standa gerendum ofbeldis í nánnum samböndum til boða til að brjóta upp vítahring ofbeldis. RIKK var tengiliður verkefnisins á Íslandi, safnaði gögnum og skilaði skýrslu til verkefnisstjórnar. Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á ráðstefnunni *Confronting Gendered Violence. Focus on Perpetrators*, í Helsinki í lok nóvember.

d. Átak gegn heimilisofbeldi í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ

Úttekt á árangri samstarfsverkefnisins „Saman gegn ofbeldi. Úttekt á árangri í Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ“. Samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ um átak gegn heimilisofbeldi, Saman gegn ofbeldi, hefur staðið í um það bil ár.

Markmið úttektarinnar er tvíþætt. Annars vegar verður árangur verkefnisins metinn með markvissum hætti og hins vegar verða þær upplýsingar sem safnast í úttektarvinnunni nýttar til að bæta verkefnið yfir verkefnatímann. Aðferðafræði mótandi matsrannsóknna (*e. formative evaluation*) er beitt, þar sem náin samvinna úttektarhóps við aðila samstarfsverkefnisins er sett í forgrunn.

e. Confronting Gendered Violence. Focus on Perpetrators, ráðstefna 30. nóvember – 2. desember, 2016.

RIKK er skipuleggjandi norrænnar ráðstefnunnar, Confronting Gendered Violence. Focus on Perpetrators, um heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum þar sem sjónum verður beint að gerendum á Norðurlöndum og leitað leiða til að brjóta upp vítahringi ofbeldis. Tilgangur ráðstefnunnar er að auka þekkingu í málaflokknum og kanna ólíkar leiðir til að fást við heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum. Á ráðstefnunni verða kynntar nýjar rannsóknaniðurstöður norrænnar skýrslu um leiðir til að koma í veg fyrir heimilisofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum og skapaður vettvangur til að deila þekkingu, ræða innleiðingu Ístanbúl-sáttmálans. Þá er ætlunin að mynda norrænt net fagfólks sem kemur að málefnum gerenda. Sjá nánar hér: <http://cgv.hi.is>